

Siðareglur MFFÍ

Stjórn MFFÍ

Fulltrúar MFFÍ í stjórnnum og nefndum

Starfsmaður MFFÍ

1. gr. Virðing

Við sinnum störfum okkar með hagsmuni félagsmanna Mjólkurfræðingafélags Íslands að leiðarljósi og stöndum vörð um heiður félagsins.

Fulltrúar félagsins skulu og vinna að hagsmunamálum félagsmanna MFFÍ í störfum sínum fyrir félagið.

2. gr. Fordæmi

Við heitum því að stuðla að framgangi þessara reglna og styðja við þær með því að ganga á undan með góðu fordæmi

3. gr. Heiðarleiki

Við gegnum störfum okkar af trúmennsku og heiðarleika. Við greinum frá öllum persónulegum hagsmunum sem geta haft óeðlileg áhrif á störf okkar í þágu félagsins. Stjórnarmönnum og nefndarmönnum MFFÍ er óheimilt að þiggja eða sækjast eftir gjöfum eða fjármunum frá aðilum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi þeirra.

4. gr. Ábyrgð

Við vinnum störf okkar af samviskusemi og erum ávallt reiðubúin að axla ábyrgð á verkum okkar. Fulltrúum félagsins er óheimilt að birta eða dreifa skjölum sem varðveitt eru í vinnuumhverfi starfsmanns og stjórnar.

5. gr. Gagnsæi

Við höldum í heiðri grundvallarreglu góðrar stjórnarsýslu í störfum okkar. Við eigum ætíð að geta rökstutt ákvarðanir okkar og látið lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráða för.

6. gr. Hlutlægni

Við gætum þess að sýna hlutlægni og tókum ákvarðanir á grundvelli verðleika, gætum réttisýni við úrlausn mála og misbeitum ekki valdi okkar, þ.m.t. þegar við gerum samninga eða tókum afstöðu til einstakra mála. Við látum skyldleika, vensl, venskap eða eigin hagsmuni aldrei ráða ákvörðun okkar í störfum fyrir MFFÍ.

7. gr. Réttlæti

Við höfum jafnrétti að leiðarljósi og vinnum gegn fordómum og mismunun, t.d.vegna kyns, þjóðernis, trúarbragða, aldurs, kynferðis, skoðana, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.

Markús B. Jósefsson

Formaður Mjólkurfræðingafélags Íslands